



Siðferðileg álitamál í Icesave- deilunni

Hannes H. Gissurarson
Stjórnmálafræði

ÞJÓÐARSPEGILLINN
XVII

28.10.2016



VÍSUORÐ TÓMASAR GUÐMUNDSSONAR

„Því meðan til er böll, sem bætt þú gast,
og barist var, á meðan hjá þú sast,
er ólán heimsins einnig þér að kenna.“

Tómas að andmæla tómlæti, skeytingarleysi, hlutleysi (í seinni heimsstyrjöld)

Hugsanlega flekkast hendur okkar, ef við mótmælum ekki eða berjumst gegn hinu illa

En aðeins við óvenjulegar aðstæður og ekki í Icesave-málinu



UM HVAÐ SNERIST ICESAVE-MÁLIÐ?

Landsbankinn hafði safnað innstæðum í Bretlandi og Hollandi

Áhlaup gert á bankann vegna lausafregna um vandan hag hans

Íslensk stjórnvöld ein ekki bolmagn til að hjálpa bankanum

Neyðarlög sett 6. október 2008: Forgangur allra innstæðueigenda

Samtímis yfirlýsing um innlendar innstæður (til að róa fólk)

Bretar og Hollendingar greiddu út Icesave-innstæður (til að róa fólk)

Kröfðust þess, að Íslendingar viðurkenndu útgreiðslu sem lán og greiddu vexti



DÓMSTÓLA- EÐA SAMNINGALEIÐ?

Davíð Oddsson og InDefence-hópurinn: Dómstólaleið, fá úr því skorið, hvort Íslendingar séu ábyrgir fyrir kröfunni

Þorvaldur Gylfason 25/06/2009: Íslendingar ábyrgir, því að þeir seldu vafasömum mönnum bankann („Þrálátur orðrómur um fjárböðun íslenskra banka fyrir rússneska auðkýfinga“)

Stefán Ólafsson 17/08/2009: Stjórnvöld staðfestu ábyrgð („innstæðukerfið á Íslandi hafi aðeins verið fyrir íslenska viðskiptavin“)“)

Vilhjálmur Árnason 09/04/2011: Mismunun með neyðarlögum („Íslendingar fengu allt sitt bætt, útlendingar ekkert“)



GREINAR STEFÁNS OG ÞORVALDAR

og hélt um alla þræði. Icesave-málið er því sem næst einkamál Sjálfstæðisflokksins.

Svo segja menn að ábyrgð okkar hefði átt að útkljá fyrir dómstólum. Þar hefði málflutningur okkar þurft að vera sá, að innstæðutryggingakerfið á Íslandi hefði aðeins verið fyrir íslenska viðskiptavinum Landsbankans en ekki þá erlendu. Halda menn að nokkur dómstóll hefði dæmt Íslandi í vil í slíku máli? Varla. Líklegra er að slík framganga hefði opinberað okkur sem ræningjapjóð.

herra sagðist reyna að hitta soninn í hvert sinn, sem hann kæmi til Íslands. Seta framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins við hlið Björgólfs eldra í bankaráðinu sendi sömu skilaboð. Bankastjórnarnir sögðust hafa ríkisábyrgð. Stjórnvöld sögðust fram að hrúni mundu styðja við bankana, ef á þyrfti að halda. Viðskiptavinir Landsbankans á Bretlandi voru því í góðri trú. Þess vegna kunna Bretar og aðrir að líta svo á, að Íslendingum beri siðferðileg skylda til að axla ábyrgð á Landsbankanum hvað sem lögunum líður.



VILLA STEFÁNS OG VILHJÁLMS

Nei mun bitna á sjálfum okkur

Icesave

Vilhjálmur
Arnason

prófessor í heimspeki



Það var sorglegt að horfa upp á manninn á Álftanesi eyðileggja húsið sitt hér um árið til að ná sér niður á bönkunum. Ég fæ ekki varist þeirri tilhugsun að íslenska þjóðin, illa haldin af sorg og reiði eftir bankahrunið, muni með svipuðum hætti eyðileggja fyrir sjálfri sér, hafni hún Icesave-samningnum. Gremja landsmanna er skiljanleg og nú ætla margir að finna þessum tilfinningum útrás með því að segja nei í þjóðarat-

kvæðagreiðslu. En haldi menn að þar með bjóði þeir fjármálamönnum birginn er það misskilningur. Nei-ið er miklu líklegra til þess að stórauka vanda þjóðarinnar, auk þess sem það er siðferðilega óverjandi. Frá siðfræðilegu sjónarmiði virðist mér Icesave-málið vera einfalt. Með neyðarlögunum var innistæðueigendum Landsbankans mismunað í grófum dráttum þannig að Íslendingar fengu allt sitt bætt, útlendingar ekkert. Samningurinn sem nú er kosið um dreifir byrðinni af því hörmulega máli á sanngjarnan hátt milli þeirra þriggja þjóða sem hlut eiga að því (auk þess sem eignir gamla Landsbankans munu líklega duga fyrir nær öllum hlut Íslendinga). Segjum því já við samningnum.

Engin mismunun með neyðarlögunum

Erlendir jafnt og innlendir innstæðueigendur fengu forgang

Munnleg yfirlýsing um innlendar innstæður sambærileg slíkum yfirlýsingum annars staðar og hafði ekkert lagagildi



ÁBYRGÐ ÁN ÆTLUNAR EÐA SAMÞYKKIS?

Siðferðileg einstaklingshyggja: Frjálst val forsenda ábyrgðar, engin skylda án samþykkis, engin ábyrgð án ætlunar

Hugsanlega of þröng: Til óumsamdar skyldur

Venjulega ber gerandi ábyrgð á gerðum sínum, ekki áhorfandi eða þolandi. Hugsanlega tvær undantekningar:

1. Áhorfandi ber ábyrgð, séu aðstæður þannig, að búast hefði mátt við aðstoð hans (drukknandi maður, sveltandi barn) í neyð
2. Einhverjar óumsamdar skyldur í krafti sameiginlegrar tilvistar, t. d. til að varðveita handritin, friða Þingvöll, kenna íslensku



RÍKI OG ÞJÓÐ, AÐ GERA OG VERA

Ríki getur verið gerandi og haft skyldur, sem færast þá um leið á ríkisborgarana

Þjóðin víðara hugtak (nær til liðinna og komandi kynslóða) og hæpnara að tala um hana sem geranda eða aðila að sök. Við höfum e. t. v. skyldur við þjóðina. En hefur þjóðin skyldur við okkur? Eða aðrar þjóðir?

Galli við siðferðilega samábyrgð: Einstaklingurinn verður ábyrgðarlaus! (t. d. innstæðueigendurnir, sem vildu háa vexti)

Annað sjónarmið: Skylda ekki umfram getu

Þriðja sjónarmiðið: Leiðréttum ekki ranglæti við hóp með ranglæti við annan hóp



SAMÁBYRGÐ, SAMSEKT

Ríki hefur skuldbindingar, t. d. lán, sem ný ríkisstjórn tekur í arf, t. d. eiga Argentínumenn að greiða skuldir ríkisins, þeir kusu yfir sig

Finnar greiddu möglunarlaust stríðsskaðabætur e. 1944

Þjóðverjar greiddu Ísraelsmönnum bætur umfram skyldu

En jafnvel þótt kenna megí heild um niðurstöðu, leiðir ekki af því, að á hana leggist verknaðarskyldur, t. d. skaðabótaskylda

Karlar ekki skaðabótaskyldir við konur þrátt fyrir aldalanga kúgun

Rangt að saka alla þýskumælandi menn um hrottaskap nasista



ICESAVE-MÁLIÐ EKKI HLIÐSTÆTT

Íslenska þjóðin hvorki gerandi né áhorfandi í neyð: Einföld viðskipti tveggja aðila, banka og innstæðueigenda (sem vildu háa vexti)

Davíð Oddsson tók fram, t. d. á blaðamannafundi 8. maí 2008, að ekki væri ríkisábyrgð á íslensku bönkunum

Skuldbinding ríkisins aðeins að fara eftir EES-reglunum, setja upp Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta

Bú Landsbankans hafði skuldbindinguna og síðan TIF, ekki ríkið

Ríkið ekki ábyrgt fyrir hegðun bankastjóranna frekar en annarra íslenskra kaupsýslumanna: Háskólinn (eða ríkið) ekki ábyrgur fyrir hegðun eða skoðunum Þorvaldar, Stefáns og Vilhjálm



HÁSKALEGAR AFLEIÐINGAR

Samábyrgð er til; en ef hugtakið er teygt of langt, þá verður það órökrétt og jafnvel háskalegt

Eru heimspekingar í heild t. d. samábyrgir vegna tillögu Mikaela Karlssonar um að gera Ísland að fjármálamiðstöð?

Eða vegna þess að Vilhjálmur Árnason gagnrýndi ekki ofurlaun bankamanna fyrir bankahrún (ólíkt Davíð Oddssyni)?

Auðvitað ekki. Mikael og Vilhjálmur ábyrgir sem einstaklingar fyrir skoðunum sínum og hegðun

Hugsanlega voru þó þeir háskólakennarar, sem gengu í lið með múgnum, óeirðaseggjunum, í janúar 2009 samsekir þeim



GAT RÍKIÐ STÖÐVAÐ INNLÁNASÖFNUN?

Útþensla bankanna vegna þess, að þeir fundu viðskiptavinum

Enginn gat bannað þeim að vaxa, sérstaklega ekki við hina þröngu lagaframkvæmd á Íslandi, sbr. Umboðsmann Alþingis

Meðfram gott orðspor Íslands, áunnið 1991–2004, sem laðaði fólk að bönkunum, en ekkert við því að gera

Sérstakar aðstæður: Klíkukapítalismi 2004–2008, auðjöfrar réðu öllu, Baugspennar, Þorvaldur Gylfason taldi t. d., að lögreglurannsókn á Jóni Ásgeiri væri pólitískis eðlis

Ingibjörg Sólrún vildi halda áfram innlánasöfnun þrátt fyrir viðvaranir SÍ



OFURVALD AUÐJÖFRANNA

Bankarnir og ríkisvaldið verða sameiginlega að glíma við þennan vanda. Bankarnir þurfa sjálfir að halda áfram að afla sér erlends lausafjár og losa um eignir þar sem það er hægt. Þeir þurfa að halda áfram að afla sér innlána á erlendum mörkuðum. Þeir þurfa að hætta að skerða starfsfé sitt með óhóflegum bónus- og arðgreiðslum sem ekki er hægt að réttlæta við núverandi aðstæður. Ríkisvaldið fyrir sitt leyti á að halda áfram að efla gjaldeyrisforðann með erlendri lántöku eftir því sem færi gefst. Það getur verið

Ingibjörg Sólrún taldi Davíð „dramatisera“ hættuna

Jafnvel 4. september, eftir ítrekaðar viðvaranir, vildi hún halda áfram á sömu braut!

Baugsfyrirtæki lögðu 25,5 millj. í Samfylkinguna 2006; fyrirtæki samtals 102 millj. (í Sjálfstæðisflokkinn 104 millj.)



SÍ: EIGI VELDUR SÁ, ER VARAR!

Með Fjármálaeftirliti 9. febrúar 2007

Með forsætis- og fjármálar. 13. janúar 2008

Með forsætis-, fjármála- og utanríkisr. 7. febrúar 2008

Með forsætisr. 6. mars 2008

Með forsætis- og fjármálar. 18. mars 2008

Með forsætis- og utanríkisr. 1. apríl 2008

Með forsætis-, fjármála- og utanríkisr. 7. maí

Ársfundur SÍ 7. mars 2007

Viðskiptaráð 6. nóvember 2007

Ársfundur SÍ 28. mars 2007

Fundir með bankamönnum



HÆPNAR SKÝRINGAR Á BANKAHRUNINU

Niðurstöður RNA boðaðar fyrirfram af Sigríði Benediktsdóttur

1. Bankamenn of miklir glannar; þeir voru það líka erlendis (Danske Bank, UBS, RBS)
2. Bankakerfið of stórt; það var líka stórt í Sviss, Skotlandi, Lúxemborg og Kýpur, en féll ekki
3. Andvaraleysi stjórnvalda; SÍ hafði ekkert boðvald

Nýfrjálshyggja; 13 ríki með frjálsari hagkerfi, bankakerfi þeirra hrundu ekki; regluverkið sama og í öðrum EES löndum (30 samtals)

Gömul rökvilla: ópíum svæfir vegna svæfingarmáttar síns; gler brotnar af því að það er brothætt, bankakerfi fellur vegna fallhættu



SEKT OG SAMSEKT (ÆTLUN AÐALATRIÐI)

Stærð bankanna nauðsynlegt, ekki nægilegt skilyrði til hruns Bankahrúnið orsakaðist af mörgum þáttum, sem verkuðu saman

1. Skipulögð árás vogunarsjóða (ný gögn); sekt
2. Andúð á Íslandi í Evrópu (sbr. skýrslur SÍ til ríkisstjórnar)
3. Tómlæti Bandaríkjamanna, Ísland ekki lengur hernaðarlega mikilvægt
4. Verkamannaflokksstjórnin lokar bönkum í eigu Íslendinga; sekt
5. Verkamannaflokksstjórnin setur hryðjuverkalög; sekt



HVERJIR „SAMSEKIR“ BÖNKUNUM?

Bankahrúnið ekki ætlunarverk, heldur niðurstaða margra ákvarðana

Hugsanlega þó vítavert gáleysi, en engum datt í hug neitun seðlabanka BNA, um og öðrum var bjargað, eða lokun Heritable og KSF, um leið og öðrum var bjargað, og beitingu hryðjuverkalaga

Ef einhverjir „samsekir“, þá klappstýrir útrásarinnar (Þorvaldur Gylfason, Gylfi Magnússon, Ólafur R. Grímsson o. sv. frv.)

SÍ markaði stefnu að bjarga Íslandi (ring-fencing), ekki bönkunum
Ríkisstjórnin hlustaði ekki, fyrr en SÍ náði í JP Morgan sérfræðinga



HVERJIR SEKIR Í ICESAVE-MÁLINU?

Breskir og hollenskir innstæðueigendur fengu forgangskröfu í búið!

Breska ríkisstjórnin sek, neitaði að aðstoða tvo breska banka, Heritable og KSF, og beitti hryðjuverkalögunum

Fimm dögum eftir lokun Landsbankaútbúsins í Lundúnum veitt 100 millj. punda lán: Englandsbanki lánaði skráðum hryðjuverkasamtökum! Sýnir fáránleika málsins

Svavar Gestsson flýtti sér að semja, „orðinn leiður á því að hafa þetta hangandi yfir“ sér

Ógagnsætt ferli, Jóhanna og Steingrímur tregðuðust við að sýna Alþingi samninginn



VÖNDURINN KYSSTUR?





HORFT ÁRIÐ 2009 TIL ÁRSINS 2019 ...



Opin skuldbinding án lagaheimildar (eins og Sigurður Líndal benti á)

Svavarssamningurinn: gert ráð fyrir öllum vaxtakostnaði og aðeins 75% heimtum

Í ljós kom: bú Landsbankans hrökk fyrir forgangskröfum

Vaxtakostnaður þó um 200 milljarðar!



LAMONT BAÐST AFSÖKUNAR





NOKKRAR NIÐURSTÖÐUR

Siðferðileg samábyrgð er til, t. d. ábyrgð íslensku þjóðarinnar á þeim ríkisborgurum, sem geta ekki séð fyrir sér sjálfir, og hugsanlega ábyrgð jarðarbúa á örlögum jarðar

Erfiðara er að víkka út sektarhugtakið og tala um siðferðilega samsekt, en ef til vill er það þó nothæft stundum, aðallega vegna aðgerða frekar en aðgerðaleysis

Í Icesave-málinu var ekki um neina siðferðilega samábyrgð eða samsekt að ræða af hálfu Íslendinga, hvorki ríkið né þjóðin áttu hlut að máli; hins vegar má tala um samsekt Breta, enda hafa sumir Bretar beðist afsökunar á framkomu breska Verkamannaflokksins